

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 676, 30. júlí 2009,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðíarið 2009/2010.**

1. gr.

Á 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

1. Í stað: „0“ á eftir tegundinni síld (íslensk sumargotssíld) í 1. mgr. komi: 15.000.
2. Orðin „síld (íslenskri sumargotssíld)“ í 3. mgr. falli niður.
3. 4. mgr. orðist svo:

Þeim leyfilega heildarafla sem úthlutað er til íslenskra síldarskipa samkvæmt reglugerð þessari er úthlutað í þeim tilgangi að rannsaka ástand íslenska sumargotssíldarstofnsins.

2. gr.

1. málslíður 4. mgr. 10. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlöögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir: Porskur 12%, ýsa 20%, ufsi 20%, karfi 35%, grálúða 20%, síld 20%, loðna 20%, úthafsrækja 20% og steinbítur 20%, sbr. 13. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 13. gr. þeirra laga.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2009.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Kristján Freyr Helgason.

B-deild – Útgáfud.: 19. október 2009